

Skipulagsstofnun  
b.t. Tinnu Jónsdóttur  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. júní 2021  
UST202105-171/Í.M.J.  
08.12.00

### **Efni: Mat á umhverfisáhrifum - matsskyldufyrirspurn - Eldisstöð Húsafelli, Borgarbyggð**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar um það hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Veiðifélag Ytri-Rangár (hér eftir nefnt rekstraraðili) hefur sótt um leyfi fyrir framleiðslu á allt að 40 tonnum á ári í landeldisstöð félagsins í Húsafelli, Borgarbyggð. Samkvæmt núgildandi starfsleyfi félagsins frá 7. janúar 2011 hefur stöðin leyfi til framleiðslu allt að 300.000 seiða þar sem stærð hvers seiðis er allt að 40 g.

Seiði eru flutt úr stöðinni í laxveiðiár árlega í maímánuði. Lífmassi í stöðinni er breytilegur. Í kerjum stöðvarinnar fer lífmassinn hækkandi með hverjum mánuði og verður mestur um 33 tonn í lok apríl hvers árs. Umhverfisstofnun bendir á að umfang í starfsleyfi miðast við hámarkslífmassa á stöðinni hverju sinni og eftir atvikum heildarlífmassaaukningu á stöðinni á ári.

Fram kemur í tilkynningarskýrslu að engar breytingar séu fyrirhugaðar á starfsemi stöðvarinnar og engar framkvæmdir áætlaðar. Umhverfisstofnun bendir á að framleiðsla á 300.000 seiðum sem hvert um sig er 40 g gera samtals 12 tona ársframleiðslu. Stofnunin telur að hér sé um aukningu á umfangi að ræða sem mun m.a. auka álag á viðtaka í samanburði við núgildandi leyfi. Umhverfisstofnun telur að skýra þurfi nánar hver verði áætlaður hámarkslífmassi á stöðinni, áætluð ársframleiðsla og hvort um framleiðsluaukningu sé að ræða.

#### **Umhverfisáhrif framkvæmdar**

Umhverfisstofnun bendir á að til að umsókn um starfsleyfi sé metin fullnægjandi skulu fylgja ítarlegar upplýsingar um eðli og magn losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins. Í fylgigögnum matsskyldufyrirspurnar voru mælingar á frárennsli frá byrjun maí 2019. Ætla má að þá hafi lífmassi verið í hámarki í stöðinni. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi verður gerð krafa um áætlað heildarmagn losunar, byggt á magni þess fóðurs sem notað er við framleiðsluna. Umhverfisstofnun getur veitt rekstraraðila leiðbeiningar varðandi útreikninga sé þess óskað.

Umhverfisstofnun minnir á lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og bendir á að viðtaki frárennslis stöðvarinnar hefur vatnshlotanúmerið 104-216-R og nefnist

Kaldá/Stuttá. Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Ef ástand vatnshlota samræmist ekki umhverfismarkmiðum skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. stjórn vatnamála. Rekstraraðila ber að sjá til þess að vatnsgæðum í viðtaka hraki ekki vegna fiskeldisins.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í starfsleyfi verður gerð krafa um fullnægjandi hreinsun frárennslis og verða losunarmörk miðuð við árlega lífmassaaukningu í stöðinni. Ef eftirlit með starfsemi bendir til þess að hreinsun frárennslis sé ábótavant getur stofnunin farið fram á að breytingar séu gerðar á henni sem og fyrirkomulagi umhverfisvöktunar.

Að auki skulu starfsleyfisumsókninni fylgja upplýsingar um hvernig rekstraraðili áformar að fyrirbyggja myndun úrgangs og hvernig hann skuli meðhöndlaður. Í tilkynningar-skýrslu kemur fram að losun næringarefna verði óbreytt en frárennslí úr stöðinni liggur í settjörn. Úr settjörnninni verður mokað árlega og dreift á mela til uppgræðslu. Ekki er fjallað um hvað skuli gert við þann dauðfisk sem til fellur við framleiðsluna. Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í endurnýtingu á þeim lífræna úrgangi sem verður til við starfsemi landeldisstöðva. Stofnunin hefur tekið saman [leiðbeiningar](#) um fráveitu- og fastefnis meðhöndlun fiskeldisstöðva á landi sem aðgengileg er á vefsíðu stofnunarinnar og hvetur rekstraraðila til að skoða slíkar leiðir í stað förgunar.

Umhverfisstofnun tekur fram að grunnvatnshlot sem rekstraraðili nýtir nefnist Geitlandshraun og hefur vatnshlotanúmerið 104-299-G. Grunnvatnshlot þurfa að ná umhverfismarkmiðum sínum um góða magnstöðu skv. reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Umhverfisstofnun telur ekki líklegt að vatnsnotkun stöðvarinnar hafi neikvæð áhrif á ástand grunnvatnshlotsins. Stofnunin bendir á að skv. 6. gr. laga nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu er nýting auðlinda úr jörðu háð leyfi Orkustofnunar.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar stendur eldisstöðin að Húsafelli innan náttúruverndarsvæðis N13, Húsafell (N13), sem er númer 206 á náttúruminjaskrá. Samkvæmt skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar er ekki til staðar deiliskipulag vegna rekstursins. Umhverfisstofnun bendir á að skv. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur sem sótt er um starfsleyfi fyrir vera í samræmi við skipulag. Til að umsókn um starfsleyfi sé metin fullnægjandi þarf starfsemin að samræmast gildandi aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

### Niðurlag

Umhverfisstofnun telur ólíklegt að ofangreind framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og að ferli umhverfismats sé í þessu tilfalli ekki til þess fallið að varpa skýrari mynd á áhrif starfseminnar á umhverfið.

Virðingarfyllt,

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur